

Skýrsla formanns Öldungaráðs Hafnarfjarðar frá febrúar 2015 – maí 2018.

Það sem gerst hefur á tímabilinu frá febrúar 2015.

Verkefnið brúkum bekki hélt áfram.

Ráðið fór á launaskrá 2017.

Fundaraðstaðan batnaði og er það Sjöfn ritaranum okkar að þakka.

1. Fyrsta verkefni ráðsins var að því var falið að fara yfir akstursreglur félagsþjónustunnar og koma með tillögur.
2. Ráðið kynnti sér starfseminu í Drafnarhúsinu sem er dagþjálfun fyrir Alzheimer sjúklunga.
3. Þar fer fram frábært starf en Drafnarhús er eitt af sjö á höfuðborgarsvæðinu.
4. Heimsókn til Rauðakrossdeildar Hafnarfjarðar, þar fengum við góðar upplýsingar um stafsemi deildarinnar.
5. Heimsóttum Öldungaráð Reykjavíkur þar sem vel var tekið á móti okkur, bárum við saman bækur okkar.
6. Mikil óánægja var með heimsendan mat og þann mat sem framreiddur var í mótuneitum þjónustukjarna á vegum bæjarins, en þar hafði án samráðs við neitendur hætt að kaupa mat frá fyrirtæki sem hafði þjónað þessu í fimm ár og gerður samningur við ISS.
7. Gekk á með kvörtunum og fór formaður ráðsin ásamt fleirum úr ráðinu á staðinn og keyptu mat í nokkur skipti með hléum. Var bæjarsjóra send umsögn reglulega, höfðum við margt út á matinn að stetta. Ekkert lát varð á kvörtunum, Sendum formaður ákveðin skilaboð til Bæjarstjóra og fjölskylduráðs þar sem þess var krafist að samningnum yrði sagt upp og tekinn upp að nýju samningur við það fyrirtæki sem hafði verið samningur við áður. Að lokum var það gert og eftir sumarfrí 2017 komst það á og allir ánægðir síðan.
8. Hrafnista í Hafnarfirði heimsótt og gengið með okkur um heimilið, þar fer fram gott starf.
9. Við höfum þríst á hækkun á tekjuviðmið vegna fasteignagjalda.
10. Það hafðist fyrir árið 2018
11. Formaður fór ásamt þrem öðrum úr Öldungaráðinu á fund Íþróttafulltrúa hjá ÍBH. Erindið var hvort ástæða væri til að stofna íþróttafélag aldraðra til að tryggja aðgengi þess hóps að íþróttahúsum bæjarins.
12. Ásamt Elísabetu Ólafsdóttur íþróttafulltrúa voru fulltrúi frá ÍSÍ og íþróttakennari af Seltjarnarnesi og Páli frá ÍBH.
13. Niðurstaðan var sú að Elísabet Ólafsdóttir vildi kanna þetta taldi hún að það væri betra að vera innan ÍBH það gerði hópinn tryggari gagnvart stjórnvöldum. Ætlaði hún að ræði þetta við t.d. Janus ofl.
14. Við höfum reifað við Bæjarstjóra að stuðla að byggingu á íbúðum fyrir 60+ á Völlunum, með þjónustukjarna. Það myndi styrkja byggðina á Völlunum.

15. Í dag eru um það bil 40 þúsund Íslendingar eldri borgarar, búist er við mikilli fjölgun á þeim í náinni framtíð þar sem árgangar eftirstríðsáranna eru mjög stórir.

16.

3062 Íbúar 67 ára og eldri voru í Hafnarfirði voru þann 1. janúar 2018 Við höfum bent á hversu mikil þörf er á minni íbúðum til leigu eða sölu á góðu verði fyrir tekjulága eldri borgara sem samt er með ofháar tekjur fyrir rétt á leiguíbúð á vegum bæjarins.

Okkur var falið öðru sinni að fara yfir akstursreglurnar í lok árs 2017

Í byrjun árs 2018 var ráðinu falið gefa umsögn um umhverfis og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar.

Ég hef dregið saman í stórum dráttum verk okkar á tímabilinu sem ráðið hefur starfað og er senn að ljúka.

Mjög líklega hefur eitthvað gleymst að nefna af þeim verkefnum sem við höfum látið okkur varða, það hefur ekki komið mikið af óskum frá bæjaryfirvöldum en við höfum gert okkar besta.

Ráðið hefur starfað frá árinu 2006 endurskoða átti reglur um það 2010 það hefur enn ekki gerst.

Vonast ég til að það verði búið að gera það þegar næsta Öldungaráð tekur við.

Stjórn ráðsins hefur sent frá sér tillögur um reglur en hefur ekki frétt hvort þær hafa verið teknar til skoðunar.

Ég hef setið í stjórn Febh sl.fjögur ár

Sit í stjórn Leb. (Landssambands féлага eldri borgara)

Og í nefnd um nýtt hjúkrunarheimili við Sólvang.

Hafa þessar tengingar hafa reynst mér vel sem formanni í ráðinu.

Elísabet Valgeirsdóttir
Formaður Öldungaráðs Hafnarfjarðar.